

FLOKKUN TIL FRAMTÍÐAR

í Eyjafjarðarsveit





Til íhugunar

- Um 91% Íslendinga flokka úrgang til endurvinnslu:
 - 19% flokka alltaf
 - 37% flokka oft
 - 35% flokka stundum eða sjaldan

(Úr könnun Capacent Gallup fyrir úrvinnslusjóð í sept 2008)
- Í drögum að nýrri landsáætlun Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs segir á bls 12:

Frá árinu 2011 skulu minnst 60% af þyngd alls umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.
- Endurvinnsla á 20 tveggja lítra gosdrykkjarflöskum úr plasti dugar til framleiðslu á einni meðalfíspeysu.
- Urðun á hverju tonni af pappír krefst tveggja til þriggja rúmmetra rýmis á urðunarstað og veldur miklum gróðurhúsa-lofttegundum.
- Endurvinnsla á hverju tonni af pappír sparar u.þ.b. 4000 kWh af raforku miðað við venjulega framleiðslu pappírs. Þetta er álika mikið og meðalheimili í Eyjafjarðarsveit notar af rafmagni á hverju ári.
- Meðal markmiða í landsáætlun Íslands fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir 2004-2016 er:

Frá og með 1. júlí 2013 skal lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafa minnkað niður í 50% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna úrgangs sem til féll árið 1995.
- Það berast um 100 kg af dagblöðum og fjölþósti inn á hvert heimili að jafnaði á Íslandi.

(Heimild: Skýrslan „Pappírstjallið“ frá árinu 2003)
- Gott líf felst í því að gera þá hluti vel sem maður getur gert vel.

(Aristóteles)



GÁMAÞJÓNUSTA
NORÐURLANDS EHF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Ávarp formanns umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar

Framfaraskref í sorphmálum Eyjafjarðarsveitar

Eyjafjarðarsveit hefur í mörg ár haft metnaðarfulla umhverfisstefnu og stefnt að bættu umhverfi fyrir íbúa sína. Með nýju og breyttu fyrirkomulagi á sorphirðu stígur sveitin nú mikilvægt framfaraskref í umhverfismálum.

Þann 1. september næstkomandi hefst formleg flokkun á heimilissorpi í sveitarfélaginu en þá mun nýr þjónustuaðili taka við sorphirðu í Eyjafjarðarsveit. Flokkun á heimilissorpi er forsenda árangursríkrar endurvinnslu og miðar að því að minnka það magn sorps sem aka þarf á urðunarstað. Um síðustu áramót var hætt að urða sorp á Glerárdal en þangað hafði óflokkuðu sorpi úr Eyjafjarðarsveit verið ekið um árabíl. Nýr urðunarstaður er Stekkjarvík, skammt norðan Blönduóss, og þangað er óflokkuðu sorpi nú ekið með tilheyrandi kostnaði ásamt óæskilegum umhverfisáhrifum. Reynslan hefur sýnt að með rétttri flokkun má minnka rúmmál þess sorps sem fer til urðunar um allt að 80%. Það er því til mikils að vinna, að minnka það sorphmagn sem keyra þarf á urðunarstað.



Gámaþjónusta Norðurlands mun sjá um framkvæmd verkefnisins og fræðslu til íbúa. Við hvert heimili verða nú tvær tunnur, önnur fyrir almennt sorp en hin fyrir endurvinnanlegt efni. Þá verður lífrænum úrgangi safnað í hluta sveitarfélagsins og honum ekið í jarðgerðarstöð Moltu að Þveráreyrum.

Flokkun og endurvinnsla á sorpi er þó ekki alveg nýtt fyrirbæri í sveitinni okkar þar sem nemendur og starfsfólk Hrafnagilsskóla og Krummakots hafa, um nokkurt skeið, gengið á undan með góðu fordæmi og flokkað rusl á skólatíma. Nú stækkum við verkefnið, flokkum í heima húsum og gefum börnunum tækifæri á að gera flokkun að lífsstíl.

Það er von okkar sem að verkefninu standa, að umhverfisvitund íbúa Eyjafjarðarsveitar sé sterk og að verkefnið í heild muni takast vel. Við hvetjum íbúa til að taka virkan þátt í flokkuninni, láta sig verkefnið varða og gera sveitina okkar að enn betra samfélagi.

Brynhildur Bjarnadóttir

formaður umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar

7 flokkar í sömu tunnu!



Íbúum Eyjafjarðarsveitar er afhent endurvinnslutunna með grænu loki en í hana má setja 7 flokka af endurvinnanlegum efnum. Íbúar skulu nota þessa lausn og stuðla þannig að aukinni endurvinnslu í sveitarfélaginu.

Losunaráætlun má finna á gpn.is og á eyjafjardarsveit.is.

Gámaþjónusta Norðurlands ábyrgist að allt innihald endurvinnslutunnunnar fari til endurnýtingar og urðun sparast. Hafa ber í huga að starfsmenn Gámaþjónustu Norðurlands þurfa að hafa greiðan aðgang að tunnunum og best er að hafa þær sem næst lóðarmörkum við götu. Sérstakar

festingar fyrir tunnur eru til sölu hjá Gámaþjónustu Norðurlands.

Moka þarf snjó frá tunnum ef þörf krefur. Mikilvægt er að flokkunin takist vel en með henni næst mikill umhverfislegur ávinningur.

Sjá leiðbeiningar hér að neðan:

Sett laust og beint í tunnuna



Dagblöð og tímarit.



Skrifstofupappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.



Sléttur pappi/bylgjupappi s.s. hreinir pizzukassar og morgunkornspakkar.

Sett í poka (helst glæra), hver flokkur fyrir sig



Málmar s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrukum.



Fernur. (Allar teg. en vel skolaðar)



Plastumbúðir s.s. sjampóbrúsar, plastdósir og plastpokar.*



Rafhlöður í sérmerktum bláum plastpokum.



Tökum þátt í lífrænni söfnun!



Mál tunnu: Breidd: 61 cm • Dýpt: 71 cm • Hæð: 108 cm

Ný tilhögun sorphirðu frá heimilum er að hefjast í Eyjafjarðarsveit. Öll heimili norðan Miðbrautar fá eina tunnu með gráu loki með sérstöku hólfi fyrir lífræna úrganginn auk Endurvinnslutunnunnar sem einnig er með hólfi. Íbúar geta fengið stærri ílát gegn hærra gjaldi. Íbúar sunnan Miðbrautar fá samskonar ílát án hólfa afhent, þar sem ekki er gert ráð fyrir lífrænni söfnun á því svæði heldur t.d. heimajarðgerð. Íbúar á því svæði geta fengið vandaða heimajarðgerðartunnu gegn því að greiða 25% af kostnaði við tunnuna.

Heimajarðgerðartunnur skal panta á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Það er áriðandi að allur lífræni eldhús-úrgangurinn fari í sérstaka poka, úr maís/kartöflusterkju, og bundið sé fyrir áður en þeir eru settir í hólfið í tunnunni sem ætlað er fyrir lífræna úrganginn eða í sérstakar tunnur. Þessir

pokar eru umhverfisvænir og brotna niður í jarðgerðarferlinu ásamt innihaldinu. Hvert heimili fær 100 poka á ári sem eingöngu á að nota undir lífrænan eldhúsúrgang. Lítil handhæg karfa fyrir pokana fylgir til nota við söfnunina í eldhúsinu. Við viljum benda á að það er óæskilegt að setja fljótandi matarleifar t.d. súpur og þunna mjólkurafganga í pokana. Vekjum athygli á að íbúar sjá sjálfir um þrif á ílátum. **Í gráu tunnuna og hólfið má setja eftirfarandi:**

Óflokkað til urðunar

- Bleiur og dömubindi
- Úrgangur frá gæludýrahaldi
- Fataefni, léreft og sterkar þurrkur svo sem Tork
- Matarmengaðar umbúðir
- Tannkrem- og áleggstúpur
- Ryksugupokar
- Sígarettustubbar
- Sælgætis- og snakkumbúðir

Lífrænt til moltugerðar

- Ávextir og ávaxtahýði
- Grænmeti og grænmetishýði
- Egg og eggjaskurn
- Kjöt- og fiskafgangar + bein
- Mjöl, grjón, pizza og pasta
- Brauðmeti, kex og kökur
- Kaffikorgur og kaffipokar
- Teblöð og tepokar
- Mjólkurvörur og grautar
- Pottaplöntur og blóm
- Kámugar pappírspurrkur

Nánari upplýsingar um flokkun og framkvæmd eru birtar á vefnum gpn.is og í síma 4140200

Gámavöllur

Á gámavelli í Reykárhverfi norðan Hrafnagilsskóla er tekið á móti eftirtöldum flokkum til förgunar og endurvinnslu.



Bylgju-/sléttur pappi



Dagblöð og tímarit



Skrifstofupappír



Fernur



Plastlát



Rúllubaggaplast



Spilliefni (T.d. málning, olíur og fl.)



Rafgeymar



Rafhlöður



Raftæki/rafeindatæki



Kælitæki



Timbur



Grófur úrgangur



Gler, postulín og flísar



Garðaúrgangur



Hjólbarðar



Málmar



Kertaafgangar

Gert er ráð fyrir að íbúar fari á Gámavöll með allan stærra og grófari úrgang sem fylgir heimilishaldi.

Önnur spilliefni en rafgeymar flokkist í sérmerkt ker á svæðinu.

Rauði krossinn tekur við notuðum fötum og skóm að Viðjúlundi 2 Akureyri.

Kertaafgöngum fataefnum og lérefti er safnað á gámavelli í samstarfi við Plast-iðjuna Bjarg.

Opnunartímar:

Þriðjudaga, föstudaga og laugardaga
13–17 alla dagana.

Opnunatíma gámavallar má einnig sjá
á gpn.is og eyjafjardarsveit.is

Lyfjaafgangar

skilist til lyfjaverslana eða Sagaplasts
Réttarhvammi 3

Móttaka skilagjaldsambúða:

Endurvinnslan Réttarhvammi 3,
sími 461 2838.



Flokkum til framtíðar!

Ábyrg, örugg endurvinnsla eru ein-kunnarorð Gámaþjónustunnar og dótturfélaga hennar um allt land.

Við notum þau til að fullvissa viðskiptavinum okkar um áreiðanleika við afsetningu endurvinnsluafna og ábyrgjumst að flokkun að efni frá heimilum og fyrirtækjum fari í réttan farveg til endurvinnslu. Til dæmis er innihald Endurvinnslutunnunnar hand-

flokkað á færibaldi og hver flokkur fyrir sig síðan pressaður í bagga og settur í gám til úttflutnings. Þaðan fara efnin síðan til endurvinnslufyrirtækja sem nýta þau í ýmiss konar framleiðslu.

Ekki leikur nokkur vafi á því að kröfur um flokkun eiga enn eftir að aukast á næstu árum. Verum í fararbroddi með Gámaþjónustu Norðurlands í þeirri þróun.

Bætt umhverfi - Betri framtíð!



11.5.2022 maggi@2digi.is/Ljamyndir - Keni Frammansar09.11

Setjum umhverfið í fyrsta sæti!



EYJAFJARDARSVEIT

Eyjafjardarsveit skrifstofa Skólalröð 9,
601 Akureyri • Sími: 463 0600 • Fax:463 0611
Netfang:esveit@esveit.is



GÁMAÞJÓNUSTA
NORÐURLANDS EHF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Fjölnisgötu 4a • 603 Akureyri
Sími: 414 0200 • nordurland@gama.is
gpn.is er þjónustu- og upplýsingasiða